

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 17. nóvember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005, frá 22. apríl 1988 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að hluti verslunar- og þjónustusvæðis á horni Aðalgötu og Borgarbrautar breytist í svæði fyrir stofnun. Á viðkomandi lóð mun rísa skrifstofuhúsnæði sýslumanns í Stykkishólmi ásamt lögreglustöð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Stykkishólms. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

12. nóvember 1997

Nr. 642

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og tillögu Hitaveitu Reykjavíkur og að fengnu samþykki skipulagsnefndar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að stöðvunar-skylda verði við Nesjavallaveg á vegum frá eftirtöldum stöðum:

1. Dallandi.
2. Sumarbústaðalandi.
3. Sumarbústað.
4. Sumarbústað.
5. Sumarbústöðum við vestanverða Krókatjörn.
6. Sumarbústað í Djúpadal, reiðleið.
7. Sumarbústöðum við austanverða Krókatjörn.
8. Sumarbústöðum við gamla Þingvallaveg, reiðleið.
9. Sumarbústað, línuvegur.
10. Línuvegi, reiðleið.
11. Sumarbústað.
12. Grjótnámu sunnan vegar.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 12. nóvember 1997.

Böðvar Bragason.